

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Örnólfsdal, Borgarbyggð.

Breytingarnar felast í því að lóðirnar verða samtals tuttugu og níu í stað níu áður. Tveir nýir afleggarar bætast við frá því sem áður var.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreindar breytingar öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 4. mars 2003.*

**Sigurður P. Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

## REGLUGERÐ

### um dánarbætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að fenginni umsókn, að greiða dánarbætur þeim sem orðið hafa ekkjur eða ekklar, sbr. 2. gr., eiga lögheimili hér á landi og uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar að öðru leyti.

##### 2. gr.

Ekkja/ekkill samkvæmt reglugerð þessari er einstaklingur sem verið hefur í hjúskap eða staðfestri samvist og hefur misst maka sinn. Hið sama gildir um einstaklinga sem hafa verið í óvígðri sambúð sem skráð er í þjóðskrá í að minnsta kosti eitt ár við andlát maka. Hafi skráð sambúð varað skemur en eitt ár en sambúðarfólk hefur eignast barn saman eða konan er þunguð, eiga ákvæði reglugerðarinnar einnig við.

##### 3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir dánarbætur skv. 1. gr. í næsta mánuði eftir fráfall maka.

Heimilt er að hefja greiðslur þrátt fyrir að ekki liggja fyrir skilríki um andlát ef upp hefur verið kveðinn úrskurður um að um bú horfins manns megi fara sem dánarbú, sbr. 1. gr. laga nr. 44/1981 um horfna menn.

#### II. KAFLI

##### Sex mánaða dánarbætur skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

##### 4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða hverjum þeim sem verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs dánarbætur í sex mánuði eftir fráfall maka.